

Miðvikudaginn 26. apríl 1939.

Nr. 77/1938. **Eigendur og skipshöfn m/b „Leo“**

(Theódór B. Lindal)

gegn

**eigendum og váttryggjanda m/b**

**„Már“** (Sveinbjörn Jónsson).

Björgun.

### **Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní 1938 hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 19. júlí s. á., hafa krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 14. nóv. 1935 til greiðsludags, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, og loks, að viðurkenndur verði með dómi þeim til handa sjóveðréttur í m/b „Már“ R. E. 100 til tryggingar framangreindum kröfum.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdóminum segir, festust net m/b „Már“ R. E. 100 í skráfu skipsins um kl. 20 þann 14. nóv. 1935, er það var að sildveiðum á Herdisarvík. Um kl. 21 s. d. fekk skipstjórinn á m/b „Leo“, sem einnig var þar að sildveiðum, vitneskju um þetta. Skipverjar á m/b „Már“ vörpuðu akkeri og reyndu árangurslaust 2—3 klukkustundir að greiða netin úr skráfunni. Skip þeirra lá um 200 faðma undan bergi á landi uppi. Alda og vindur, sem stóð skáhallt á land upp, fór vaxandi. Var m/b „Leo“ því gefið merki um, að það kæmi til hjálpar. Brá hann skjótt við, kom taug í m/b „Már“ og dró hann

austur á vikina, þar sem kyrrara var, enda tókst nú skipverjum á m/b „Már“ að greiða netin úr skrúfunni.

Svo virðist sem m/b „Már“ hafi ekki getað af sjálfs sín ramleik færð sig úr stað, er m/b „Leo“ kom honum til hjálpar. Vindur og alda var þá að aukast, eins og áður segir, og mátti því verða hætta á því, að m/b „Már“ ræki upp að berginu, ef hann skyldi liggja þar áfram, enda talið vonlaust eða vonlitið, að takast mundi að greiða þar, í þeim sjó og vindi, er þar var þá, netin úr skrúfunni. Þykir því verða að telja hjálp m/b „Leo“ til handa m/b „Már“ til björgunar. M/b „Már“ var virtur til vátryggingar á 45000 krónur. Samfara hjálp m/b „Leo“ virðist hafa verið lítil hætta fyrir hann, og hjálp hans tók stuttan tíma, að því er virðist aðeins 1—2 klukkustundir. Með hliðsjón af þessu þykja bjarglaun til handa áfrýjendum hæfilega ákveðin kr. 2000.00.

Áfrýjendur hafa ekki leitt sönnur að því, að þeir hafi vegna hjálpar sinnar til handa m/b „Már“ beðið meira tjón á veiðarfærum eða afla en í héraðsdómnum er talið. Og með því að stefndu hafa ekki áfrýjað að málinu, verður við mat héraðsdómsins á þessum atriðum að sitja.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjendum kr. 3700.00 í bætur fyrir veiðarfæramissi og aflatjón, eins og í héraðsdómnum segir, og kr. 2000.00 í bjarglaun, eða samtals kr. 5700.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 28. okt. 1936, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjendum samtals kr. 700.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Svo ber og að dæma áfrýjendum sjóveðrétt samkvæmt 1. tölul. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 í m/b „Már“ til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

**Því dæmist rétt vera:**

Stefndu, eigendur og vátryggjandi m/b „Már“ R. E. 100, greiði áfrýjendum, eigendum og skipshöfn m/b „Leó“ V. E. 294, kr. 5700.00 með 5% ársvöxtum frá 28. okt. 1936 til greiðsludags og samtals kr. 700.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Til tryggingar framangreindum fjárhæðum hafi áfrýjendur sjóveðrétt í m/b „Már“ R. E. 100.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. des. 1937.**

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 28. okt. 1936 af hrm. Lárusi Fjeldsted, hér í bæ, f. h. eigenda og skipshafnar m/b Leó V. E. 294 gegn Valdimar Bjarnasyni, Brekkustíg 19 hér í bænum, f. h. eigenda og vátryggjenda m/b „Már“ R. E. 100, til greiðslu björgunarlauna að upphæð kr. 26388.55 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. nóv. 1935 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati sjódómsins. Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b „Már“ fyrir hinum til-dæmdu upphæðum.

Stefndir krefjast *aðallega* algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnanda lága upphæð fyrir aðstoð með vöxtum frá stefnidegi til greiðsludags.

Málavextir eru þeir, að 14. nóv. 1935 var m/b „Leó“

V. E. 294 staddur á Herðisarvík að sildveiðum með reknet. Um kl. 3 e. h. þennan dag lögðu bátverjar 17 sildarnet fyrir vikurbotninum, og segja skipverjar, að veður hafi þá verið hjart, en stormur á austan (5—6 vindstig) og talsvert brim.

Þennan sama dag var m/b „Már“ R. E. 100 einnig staddur á Herðisarvík, og lagði hann net sín, 20 að tölu, ca. 100 faðma frá netum „Leós“ á 10 faðma dýpi. Er bátarnir höfðu lagt net sín, lögðust þeir við akkeri úti á vikinni. Meðan m/b „Leó“ lá þarna, lögðu skipverjar 4 net aftur af skipinu, og voru þau látin leika laus. Að því er skipverjar á „Má“ hafa ómótmælt haldið fram, töluðust skipstjórar bátanna við gegnum talstöðvar sínar kl. 7½ um kvöldið, og ákváðu þá að eiga aftur tal saman kl. 9 til þess að fréttu um það, hvort sild væri í netum þeim, er bátverjar á „Leó“ höfðu lagt fyrir aftan skipið.

Kl. 8 um kvöldið segja skipverjar á „Má“ að farið hafi að vinda dálítið, en annars hafi verið austankaldi um daginn og þá hafi vélin verið sett í gang og farið að leita að netunum, til að draga þau inn. Hafi þau strax fundizt, nokkru vestar og grynna en þau höfðu verið lögð, en litlu eftir að drátturinn hófst, hafi netin ásamt kapli farið í skrófu skipsins. Akkeri hafi þá strax verið látið falla, þar sem báturinn hafi verið ca. 200 faðma frá landi (Herðisarvíkurbjargi), flatur fyrir vindi. Segjast skipverjar síðan hafa farið að reyna að skera netin frá og ná þeim úr skrófunni. — Það er hinsvegar af m/b „Leó“ að segja, að á 9. tímanum voru net þau, sem lögð höfðu verið fyrir aftan skipið, dregin inn, og segja skipverjar, að mikil sild hafi verið í þeim og hafi það verið tilkynnt nærstöddum bátum. Um níu leytið hafi síðan verið farið að hita upp vélina og hafi átt að leggja þarna fleiri net, en vitja síðan um þau 17 net, er lögð höfðu verið fyrr um daginn. Skipstjórum beggja bátanna („Más“ og „Leós“) ber saman um það, að kl. 9 hafi þeir átt tal saman, en skipstjórinn á „Má“ segist hafa gert það samkvæmt áður umtöluðu, og þá jafnframt látið þess getið, hvernig væri ástatt hjá sér. Hinsvegar segir skipstjórinn á „Leó“, að skipstjórinn á „Má“ hafi þá beðið um hjálp, þar sem „Már“ væri vélvana og hefði látið akkeri falla. En víst er um það, að m/b „Leó“ kom nú rétt strax á vettvang, og segjast skipverjar hafa

séð net sín þá á leiðinni, enda hafi verið tunglsljós. Bátsverjar á „Má“ segja, að nú hafi talast svo til, að „Leó“ færi aftur til neta sinna, en hefði jafnframt auga með þeim og kæmi aftur ef þeir gæfu honum ljósmerki. Hinsvegar segja skipverjar á „Leó“, að þeir hafi beðið hjá „Má“, meðan reynt var að skera netin frá, svo að skipið yrði vindrétt, og er það hafi tekizt, hafi þeir farið frá aftur, eins og áður er lýst. En skipverjar á „Má“ segjast hafa unnið að því 2—3 klst. eftir að „Leó“ kom fyrst til þeirra, að losa netin úr skrúfunni, en er það tókst ekki vegna straums og ókyrrðar, „því vindur og alda fór vaxandi og stóð ská-halt upp á landið“, þá hafi „Leó“ verið gefið merki um að koma aftur. Segja skipverjar á „Leó“, að merki þetta hafi verið gefið rétt í því, er þeir voru að koma að netum sínum, en þá sneri báturinn strax við og sigldi til „Más“. Segir skipstjóri og stýrimaður á „Leó“, að er þeir hafi komizt í kallfæri, hafi skipstjórinn á „Má“ kallað: „Allt er að springa hjá mér“, er þeir kveðast hafa skilið svo, sem annað akkerið á „Má“ hefði sprungið frá. Var nú komið trossu um borð í „Má“ og andæft, meðan hann létti, en síðan dró „Leó“ „Má“ austur á vikina, þar sem kyrrara var, og lagðist „Már“ þar á 7—8 faðma dýpi, og var klukkan þá um 2—3 f. h., föstudaginn 15. nóv.

Eftir þetta sigldi „Leó“ aftur út á vikina og leitaði að netum sínum, en fann þau ekki, enda var þá þykknað í lofti og dimmt, en áður hafði verið bjart yfir. Rúmri klst. eftir að „Már“ var lagztur, tókst skipverjum að hreinsa skrúfunu, og var þá einnig haldið út á vikina og leitað að netum ásamt „Leó“. Net hans fundust aldrei, en hinsvegar fann „Leó“ net „Más“, og segja bátsverjar á „Má“, að í þeim hafi verið um 100 tonnur sildar, en hinsvegar kveðst skipstjórinn á „Leó“ hafa heyrt, að í þeim hafi verið 170 tonnur sildar.

Stefnandi þessa máls heldur því fram, að skiphöfnin á „Leó“ hafi við umrætt tækifæri bjargað m/b „Má“ úr yfirvofandi hættu, þar sem netin hafi verið föst í skrúfu skipsins, svo að það hafi ekki getað neytt vélarinnar, vegna storms og kviku hafi báturinn verið búinn að sprengja af sér annað akkerið, er hann hafi legið við, og rekið fyrir hinu, flatur fyrir vindi og sjó, örskammt undan Herdisarvíkurbjargi, en þar sé landtaka stórhættuleg.

Krefst stefnandi þess því, f. h. eiganda og skipshafnar á m/b „Leó“, að stefndir greiði sér björgunarlaun sem hér segir:

1.  $\frac{1}{3}$  hluta af verðmæti „Más“ ..... kr. 18333.00
  2. Tap á veiðarfærum og afla hjá „Leó“ í sambandi við björgunina ..... — 7952.45
  3. Kostnaður við sjóferðapróf í Vestmannaeyjum ..... — 103.10
- eða samtals kr. 26388.55, auk vaxta og málskostnaðar.

En þar sem stefndir hafi reynzt ófáanlegir til að greiða þessa upphæð sé mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Aðalkröfu sína um sýknu virðast stefndir byggja á því, að aðstoð sú, sem skipshöfnin á m/b „Leó“ hafi veitt „Má“ hafi verið svo smávægileg, að stefnanda beri engin þóknun fyrir hana.

Eftir öllum málavöxtum getur rétturinn ekki fallizt á, að svo hafi verið, og verður sýknukrafa stefndu því ekki tekin til greina.

Kemur þá næst til athugunar varakrafa stefndu um verulega lækkun á stefnukröfunum.

Kröfu þessa byggja þeir fyrst og fremst á því, að hér hafi aðeins verið að ræða um aðstoð af hálfu „Leós“, en ekki björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna.

Á þetta verður rétturinn að fallast. Að visu höfðu sildar-netin flækst í skrúfu bátsins, svo að hann hafði ekki not af vél sinni, en hinsvegar er ekki annað upplýst en að báturinn hafi að öðru leyti verið í fullkomnu lagi að öllum útbúnaði, og sérstaklega hefir stefnandi ekki gegn eindregnum mótmælum stefndu sannað, að annað akkerið á „Má“ hafi bilað, og ennfremur ekki, að bátinn hafi rekið nokkuð allan þann tíma, frá því að hann varpaði akkerum, er netin höfðu flækzt í skrúfunu, og þar til m/b „Leó“ dró hann austur á víkina.

Eins og að framan er lýst, ber málsaðiljum ekki að öllu leyti saman um það, hvernig veðri og sjó hafi verið háttað í Herdisarvík, er umræddir atburðir gerðust, þar sem skipverjar á „Leó“ segja, að austanstormur (5—6 vindstig) hafi verið um daginn 14. nóv., veðrið hafi síðan aukizt, er á daginn leið, og hafi verið mikill sjógangur, er þeir drógu „Má“ um nóttina. Hinsvegar segja skipverjar á „Má“,

að austan kaldi hafi verið um daginn, en síðan vindað dálítið með kvöldinu, og að vindur og alda hafi farið vaxandi um það leyti, er „Leó“ aðstoðaði þá, og vindur hafi verið allhvass á „hátt austan“, er báturinn lagðist aftur. Samkvæmt framlögðu vottorði frá veðurstofunni í Reykjavík var vindur á Eyrarbakka 14. nóv. 1935 kl. 14 NA 6, kl. 21 NA 5 og næsta dag kl. 08 NA 5, en brim lítið sem ekkert. Í Grindavík var vindur 14. nóv. kl. 17 ANA 3 og þann 15. nóv. kl. 08 NNA 4, síðar um daginn N 2. Á Reykjanesvita var vindur 14. nóv. kl. 17 A 4, kl. 24 A 3, kl. 08 næsta dag NA 4 og síðan lægjandi. Á brim er ekki minnt á þessum stöðum. Eftir þeim upplýsingum, er þannig liggja fyrir, verður rétturinn að telja, að veður hafi ekki verið svo vont við umrætt tækifæri eða sjór svo slæmur, að m/b „Már“ hafi af þeim sökum verið staddur í neyð, enda verður að telja upplýst, að veður fór aftur batnandi, er á nóttina leið.

Að öllu þessu athuguðu verður hjálp sú, er m/b „Leó“ veitti m/b „Má“ í umrætt skipti, ekki talin björgun samkvæmt siglingalögnum, og verða umbjóðendum stefnanda því ekki tildæmd björgunarlaun, og þar af leiðandi verður krafa þeirra um viðurkenningu á sjóveðrétti ekki tekin til greina. Hinsvegar verður að telja, að umbjóðendum stefnanda beri þóknun fyrir aðstoð þá, er þeir létu m/b „Má“ í té.

Stefnandi heldur því fram, að umbjóðendur sínir hafi vegna umræddrar aðstoðar tapað áðurnefndum 17 sildar-netum, ásamt belgjum, vír o. fl., og nemi verðmæti þess kr. 1952.45, enda hafi þetta allt verið nýtt eða nýlegt. Stefnidir hafa mótmælt því, að umrædd net og útbúnaður hafi tapazt vegna aðstoðarinnar, og hafa í því sambandi haldið því fram, að m/b „Leó“ muni hafa verið búinn að glata netunum áður en til aðstoðarinnar kom. Gegn mótmælum stefnanda og staðfestum framburði skipverja á m/b „Leó“ um, að þeir hafi séð net sín, er þeir voru á leiðinni til „Más“ í fyrra skiptið, verður þessi staðhæfing stefndu ekki tekin til greina, heldur verður að telja, að umrædd net og annar útbúnaður hafi glatazt vegna þess að m/b „Leó“ fór að sinna m/b „Má“. Hinsvegar verður verðmæti neta og annars útbúnaðar ekki talið svo mikið, sem stefnandi hefir haldið fram, þar sem ekki er gegn

mótmælum stefndu sannað, að útbúnaður þessi hafi verið nýr og ónotaður, og þykja því bætur fyrir veiðarfæratjónið hæfilega metnar á kr. 1700.00. Þá hefir og stefnandi haldið því fram, að aflatjón m/b „Leó“ vegna aðstoðarinnar nemi að verðmæti kr. 6000.00, eða sem samsvarar 300 tunnum sildar á kr. 20.00 pr. tunnu. Byggir hann þetta á því, að „Már“ hafi fengið í sin 20 net 170—180 tonnur sildar, en m/b „Leó“ hafi haft innanborðs 27 net, sem leggja hafi átt á sömu slóðum, en hætt við það, er neyðarkallið kom frá „Má“, auk þeirra 17 neta, er glötuðust.

Eins og áður er sagt, verður að telja, að net „Leós“ hafi tapazt vegna aðstoðarinnar við „Má“, og verður því tekið tillit til aflatjóns við ákvörðun á þóknun fyrir aðstoðina. Gegn eindregnum mótmælum stefndu er ekki sannað, að m/b „Már“ hafi fengið nema 100 tonnur sildar í þau 20 net, er hann lagði í Herðisarvík á þessum tíma. Verður því að telja, að aflatjón umbjóðenda stefnanda nemi 100 tunnum sildar, þar sem net „Más“ voru búin að velkjast lengi í sjó, er þau voru dregin inn. Stefnindir hafa mótmælt verði því, er stefnandi hefir krafizt fyrir sildartunnuna, sem of háu, en með skírskotun til framlagðs vottorðs frá Ástþór Matthiassyni, er hvorki hefir verið mótmælt sem röngu eða óstaðfestu, þykir krafa þessi hafa við rök að styðjast. Þykja því bæturnar fyrir aflatjón hæfilega ákveðnar kr. 2000.00, enda getur rétturinn ekki fallizt á, að stefndum beri að bæta umbjóðendum stefnanda frekari aflatjón.

Þá hefir stefnandi og krafizt þess, að stefndir verði dæmdir til að greiða sér kr. 103.10 fyrir útlagðan kostnað vegna sjóferðaprófs í Vestmannaeyjum, en stefndir hafa mótmælt því, þar sem þeim hafi ekki verið gert aðvart um það, og sjóprófið þeim því gagnslaust. Verður rétturinn að fallast á þessar mótbárur stefndu, enda verður og umræddur kostnaður að teljast til málskostnaðar.

Aðstoð sú, er m/b „Leó“ veitti m/b „Má“ við umrætt tækifæri, var að öllu leyti fljótt og vel í té látin eins og framangreind lýsing á atburðum ber með sér, en á hinn bóginn tók hún stuttan tíma og var tiltölulega hættulitil. Að þessu athuguðu þykir þóknunin fyrir aðstoðina hæfilega metin á kr. 800.00.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndir verða

dæmdir til að greiða stefnanda f. h. umbjóðenda hans framangreindar skaðabætur og þóknun fyrir aðstoð, samtals að upphæð kr. 4500.00, auk vaxta, er reiknast 5% p. a., og teljast þeir frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndir greiði stefnandanum málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Stefndir, eigendur og váttryggjendur m/b „Már“, R. E. 100, greiði stefnandanum, hrm. Lárusi Fjeldsted f. h. eiganda m/b „Leó“, V. E. 294, kr. 4500.00 með 5% ársvöxtum frá 28. okt. 1936 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 28. apríl 1939.

Nr. 24/1939. **Sigurbjörg Jóhannsdóttir**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Sjóváttryggingarfélagi Íslands h. f.**  
**vegna váttryggingarfélagsins Danske**  
**Lloyd (Jón Ásbjörnsson).**

Bótakrafa vegna bifreiðarslyss.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febr. þ. á. og gjafsóknarleyfi 14. sept. f. á. hefir skotið máli þessu til hæstaréttar, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 5300.00 með 5% ársvöxtum af kr. 4800.00 frá 16. sept. 1935 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.